

Ed. **367. Frumvarp til laga** [188. mál]
um breyting á lögum nr. 77 28. apríl 1962, um aflatryggingasjóð sjávarútvegsins.

(Lagt fyrir Alþingi á 89. löggjafarþingi, 1968—69.)

1. gr.

Á undan 1. gr. laganna komi kaflafyrirsögn:
I. kafli. — Um aflatryggingar.

2. gr.

2. töluliður 9. gr. orðist svo:
Framlag ríkissjóðs er fjórðungur á móti 1. lið.

1) Innifalið 124 m.kr. ríkissjóðsframlag vegna Stofnfjár sjóðs fiskiskipa.

3. gr.

Á eftir 14. gr. laganna bætist nýr kafli, er kemur í stað 15. til 18. gr. svo og bráða-
birgðaákvæðis laganna, svo hljóðandi:

II. kafli. — Um greiðslu fæðiskostnaðar.

15. gr. — Við aflatryggingasjóð skal starfa sérstök deild, áhafnadeild, sem greiðir hluta af fæðiskostnaði áhafna á fiskibátum, (þ. e. fiskiskipum öðrum en togurum).

16. gr. — Árlegar tekjur áhafnadeildar eru 1% af fob-verði útfluttra sjávar-
afurða (annarra en þeirra, sem koma frá hvalveiðum og selveiðum). Skal gjald
þetta reiknast á sama hátt og annað útflutningsgjald af sömu vöru.

17. gr. — Áhafnadeild aflatryggingasjóðs skal greiða útvegsmönnum hluta af
fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum sem hér segir:

- a) Vegna áhafna á fiskibátum 151 brúttórúmllest að stærð og stærri: 100 krónur
á úthaldsdag og áhafnarmann.
- b) Vegna áhafna á fiskibátum undir 151 brúttórúmllest að stærð: 85 krónur á
úthaldsdag og áhafnarmann.

18. gr. — Greiðslur úr áhafnadeild aflatryggingasjóðs skulu vera ársfjórð-
ungslegar. Greiðslur vegna úthalds á fyrsta ársfjórðungi hvers árs skulu inntar
af hendi eins fljótt og við verður komið frá og með 15. maí sama árs, og með
sama hætti frá og með 15. degi annars mánaðar eftir lok annars, þriðja og fjórða
ársfjórðungs.

19. gr. — Við ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar skal aflatryg-
gingasjóður styðjast við úthaldsskýrslur Fiskifélags Íslands og upplýsingar lög-
skráningarstjóra. Hafi fullnægjandi upplýsingar um úthald einhvers báts ekki
borizt Fiskifélagi Íslands, að mati aflatryggingasjóðs, skal heimilt að fresta
greiðslum úr áhafnadeild vegna áhafnar hans, þar til útvegsmaður hefur ráðið
bót á þessu.

20. gr. — Sjávarútvegsráðuneytið getur með reglugerð sett nánari
ákvæði um framkvæmd þessarar laga.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og taka til framlags ríkissjóðs árið 1969 og til út-
flutnings sjávarafurða og úthalds fiskibáta frá og með 19. febrúar 1969.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Sjá skýringar við 3. gr.

Um 2. gr.

Gengisbreytingin í nóvember á s. l. ári veldur því, að tekjur aflatryggingasjóðs
sjávarútvegsins af útflutningsgjaldi munu aukast um 26 millj. kr. á árinu 1969,
og er þá lögð til grundvallar útflutningsspá Efnahagsstofnunarinnar fyrir það ár.
Miðað við óbreytt ákvæði laga um sjóðinn, þar sem framlag ríkissjóðs er helmingur
á móti útflutningsgjaldi, hefði framlag ríkissjóðs þurft að hækka um 20 millj. kr.,
bæði vegna krónuhækkunar útflutningsgjaldsins af völdum gengisbreytingarinnar, og
hlutfallslegrar hækkunar framlagsins, en með lögum nr. 5/1968 um ráðstafanir til
lækkunar ríkisútgjalda var ákveðið, að framlag ríkissjóðs skyldi vera þriðjungur á
móti útflutningsgjaldi á því ári.

Í fjárlögum ársins 1969 er miðað við, að framlag ríkissjóðs verði óbreytt í
krónum frá fjárlögum 1968, en það svarar því sem næst til þess, að mótfamlag
ríkissjóðs sé einn fjórði hluti útflutningsgjaldsins, eins og lagt er til með frumvarpi
þessu. Með tilliti til áhrifa gengisbreytingarinnar á fjárhag sjóðsins svo og annarra
ráðstafana, sem jafnframt hafa verið gerðar til að skapa sjávarútvegi traustan grund-

völl, ætti þörf aflatryggingasjóðs fyrir fjárframlög úr ríkissjóði raunar að minnka, enda þótt frumvarpið geri ekki ráð fyrir skerðingu framlags ríkissjóðs frá því sem var í fjárlögum 1968, eins og fyrr segir.

Samkvæmt lagafrumvarpi þessu yrði ráðstöfunarfé aflatryggingasjóðs 110 millj. kr. á árinu 1969. Má til samanburðar geta þess, að bætur sjóðsins vegna ársins 1965 voru 46 millj. kr., vegna 1966 50 millj. kr., vegna 1967 120 millj. kr. og greiddar höfðu verið 69 millj. kr. vegna ársins 1968 um s. l. áramót. Frá sjónarmiði aflatryggingasjóðs virðist spá Efnahagsstofnunarinnar um aflamagn á árinu 1969 nokkru hagstæðari en aflamagnið reyndist árið 1967, þegar bótagreiðslur sjóðsins urðu hvað mestar. Á þeim grundvelli má álykta, að umræddar 110 m.kr., sem yrðu til ráðstöfunar árið 1969 samkvæmt framangreindum forsendum, ættu að nægja til þess að sjóðurinn geti starfað eftir óbreyttum reglum, þrátt fyrir þá lagabreytingu, sem frumvarpið felur í sér.

Um 3. gr.

Í samningum þeim, sem gerðir voru í febrúar s. l. milli sjómanna (undirmanna) á bátafлотanum og útvegsmanna, og í miðlunartillögum, er sáttasemjari ríkisins lagði fram til lausnar kjaradeilu útvegsmanna og yfirmanna á bátafлотanum þann 12. febrúar 1969 og lögfestar voru þann 18. febrúar 1969 fólst, fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar, eftirfarandi:

„Samkomulag um greiðslu upp í fæðiskostnað skipverja á bátafлотanum.

Aflatryggingasjóður greiði hluta af fæðiskostnaði lögskráningarskyldra sjómanna á fiskibátum, þannig, að til báta 151 brúttólest og stærri verði greiddar 100 krónur vegna hvers áhafnarmanns á úthaldsdag, en til báta undir 151 brúttólest að stærð verði þessi greiðsla 85 krónur á úthaldsdag og áhafnarmann. Ákvörðun úthaldsdagafjölda og áhafnarstærðar fer eftir almennum reglum sjóðsins.

Útgerðarmenn skulu draga framangreindar upphæðir frá fæðiskostnaði sjómanna og fá þær endurgreiddar úr Aflatryggingasjóði.

Til þess að standa straum af þessum kostnaði hlutast ríkisstjórnin til um að lagt verði 1% almennt útflutningsgjald á fob-verðmæti fiskafurða þeirra, sem nú eru útflutningsgjaldskyldar.“

Frumvarp þetta er flutt til staðfestingar samkomulagi þessu.

Fylgiskjal.

Bætur aflatryggingasjóðs sjávarútvegsins 1965—1968.

A. Vegna hvers árs:	1965	1966	1967	1968 ¹⁾
Almenn deild	18.4	25.6	67.1	37.0
Síldveiðideild	8.0	5.3	43.2	31.6
Togaradeild	20.0	19.1	10.1	—
Samtals	46.4	50.0	120.4	68.6
B. Greiðslur á hverju ári:				
Almenn deild	9.3	14.1	69.8	54.8
Síldveiðideild	5.0	2.9	31.1	49.1
Togaradeild	—	20.0	19.1	10.1
Samals	14.3 ²⁾	37.0	120.0	114.0

1) Eftir er að taka ákvörðun um greiðslu til togaradeildar vegna 1968, svo og vegna síldveiða og línuveiða haustið 1968, og loks hefur endanlegt uppgjör vegna botnvörpuveiða haustið 1968 ekki farið fram.

2) Hér er um að ræða greiðslur á árinu 1965 vegna þess árs.